

Skriðuföll í Neskaupstað

Halldór G. Pétursson og Þorsteinn Sæmundsson

Unnið fyrir Veðurstofu Íslands og Ofanflóðasjóð

NÍ-99012

Akureyri, 1999

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	3
2 SKRÍÐUANNÁLL	4
2.1 Þéttbýlið - Neskaupstaður	4
2.2 Dreifbýlið - Norðfjörður	9
3 FORN SKRÍÐUFÖLL	11
4 NIÐURSTÖÐUR	12
5 HEIMILDIR	13

TÖFLUR OG MYNDIR

Tafla 1. Yfirlit um flóð og skriðuföll 1930-1999	15
Mynd 1. Skriðu- og lækjarfarvegir í Neskaupstað	16
Mynd 2. Staðsett skriðuföll í Neskaupstað 1930-1999	17
Mynd 3. Staðsettar skriður í Norðfirði 1935, 1946, 1968	18
Mynd 4. Fornar skriður	19

1 INNGANGUR

Skýrsla þessi, sem er unnin í samvinnu Náttúrufræðistofnunar Íslands (Halldór G. Pétursson) og Veðurstofu Íslands (Þorsteinn Sæmundsson) er hluti af vinnu sem unnin er vegna könnunar á skriðuhættu í og við Neskaupstað. Hér er fyrst og fremst fjallað um sögu skriðufalla á svæðinu og er aðallega byggt á rituðum heimildum. Samkvæmt þeim nær saga skriðufalla í Neskaupstað ekki lengra aftur en til 1930 og aðeins lítil hluti skriðnanna er nákvæmlega staðsettur. Þar er fyrst og fremst um að ræða þær skriður sem hafa valdið einhverjum spjöllum í byggðinni. Að sjálfsögðu nær skriðusaga Neskaupstaðar miklu lengra aftur og þar hafa fallið mun fleiri skriður, en þær sem hér er fjallað um. Til að fá betri yfirsýn um þau mál vísast til annarar skýrslu, en hún fjallar m.a. um jarðfræðileg ummerki eftir skriðuföll við Neskaupstað (Þorsteinn Sæmundsson og Halldór G. Pétursson 1999).

Aðstæðum við Neskaupstað er lýst þannig í bókinni Sveitir og jarðir í Múlapingi (Ármann Halldórsson 1976): „Ár eru hér engar, aðeins fjöldi smálækja, er koma niður úr fjallseggjum. Þarna þeir alveg að heita má í þurrkatíð, en geta orðið ótrúlega vatnsmiklir í leysingum og stórrigningum. Þessum mikla vexti í lækjunum er samfara mikil skriðuhætta, enda ber landið þess menjar, að stór grjót- og aurlaup koma ávallt með stuttu millibili, sem eru svo kraftmikil, að stórgrýtisbjörg ásamt öðrum ruðningi falla allt fram í sjó“. Þá hljóðar gömul lýsing á bæjarstæði Neskaupstaðs á eftirfarandi hátt: „Norðfjarðarkauptún hefir myndast á óvenjulega erfiðu og óhentugu bæjarstæði; brattri, nálæga undirlendislausri hlíð, sem grafin er sundur af mörgum lækjum og vatnsfarvegum svo víðast skiftast á melhryggir og djúpar lautir eða gil. Er jarðvegurinn hvarvetna svo laus, að hver vatnsspræna getur grafið stórt gil, ef ekki er að gert. Gerir þetta alla götugerð eftir endilöngum bæ afar erfiða og víða ómögulega, auk þess sem fiskflutningur er ærið dýr og torveldur upp háar brekkur“ (Harpa Grímsdóttir 1998).

Þetta eru í hnotskrun þau vandamál sem við er að glíma hvað snertir skriðuföll í Neskaupstað. Fjallið ofan við bæinn er bratt og bert og úrkoma sem fellur á það er fljót að skila sér niður í formi fjölda lækja sem falla í gegnum bæinn. Auk þess eru aðstæður þannig að úrkoma getur legið utan í fjalllendingu við Neskaupstað og þar rignt ótrúlega mikið á skömmum tíma. Því hafa verið skilgreindir 16 skriðu- og lækjarfarvegir í Neskaupstað (mynd 1) (Þorsteinn Sæmundsson og Halldór G. Pétursson 1999). Víða hefur verið þrengt að þeim og byggt þétt upp að þeim. Aurskriður sem fylgja farvegnum geta því unnið mikil spjöll og talsverð hætta getur stafað af þeim.

Við félagarnir höfum skift með okkur verkum á þann hátt að ég (Halldór G. Pétursson) hef fyrst og fremst séð um heimildavinnu, en Þorsteinn Sæmundsson kannað aðstæður á vettvangi. Hann ræddi auk þess við heimamenn og aflaði mikilvægra upplýsinga hjá þeim. Viljum við sérstaklega þakka þeim Aðalsteini Jónssyni, Hálfadáni Haraldsyni og Reyni Zoëga fyrir aðstoðina.

2 SKRIÐUANNÁLL

Til einföldunar hefur skriðuannálnum verið skift í tvennt, annars vegar eru talðar upp þær skriður sem heimildir hafa fundist um að fallið hafi á þéttbýlið (Neskaupstað) og hins vegar þær skriður sem sagnir eru um að fallið hafi í dreifbýli (Norðfirði), en ákveðið var að hafa hér með allar þær upplýsingar sem fundust um skriðuföll í firðinum. Varla er hægt að tala um að rituð saga skriðufalla í Neskaupstað eða Norðfirði, nái lengra aftur en til 1930, en frá því ári eru fyrstu beinu heimildirnar. Vissulega eiga skriðuföll á svæðinu sé mun lengri sögu, eins kemur fram í öðrum heimildum (sjá kafla 3) og sérstaklega í jarðfræði svæðisins (Þorsteinn Sæmundsson og Halldór G. Pétursson 1999). Þær heimildir sem hér hafa verið notaðar eru fyrst og fremst fréttir úr dagblöðum frá þeim tíma sem skriðurnar féllu, en þessar upplýsingar hafa verið útdráttar saman fyrir landið allt í skriðuannálum sem Ólafur Jónsson (1957, 1974) og Halldór G. Pétursson (1991, 1992, 1993, 1994, 1996, 1997) hafa tekið saman.

2.1 Þéttbýlið - Neskaupstaður

Eins og komið hefur fram eru þessar upplýsingar fyrst og fremst samtímaheimildir úr fréttu- og dagblöðum. Stundum er textinn tekinn beint upp úr frumheimildinni, þótt hennar sé ekki getið á annan hátt en með gæsalöppum. Í önnur skifti höfum við sett sjálfir sett saman lýsingu. Ef menn æskja þess að kanna nánar frumheimildir þá finnast tilvísanir í þær í skriðuannálunum (Halldór G. Pétursson 1991, 1992, 1996), en allar þessar upplýsingar eru til í gagnasafni Náttúrufræðistofunar Íslands á Akureyri. Til glöggvunar þá höfum við einnig bætt við athugasemdum og upplýsingum um veðurfar og úrkomu þá daga sem skriðuföllin urðu. Eru flestar þær upplýsingar fengnar úr Veðráttunni. Þó nokkrar skriður sem féllu á þessu tímabili tókst að staðsetja, og er staðsetning þeirra sýnd á mynd 2. Þá er rétt að benda á að það er aðeins stigsmunur á milli vatnsflóða og skriðufalla í Neskaupstað og því er oft erfitt að skilja á milli vatnsflóða og vatnsflóða með aurburði eða skriðum. Eflaust eru flóðin sem orðið hafa í Neskaupstað á þessari öld mun fleiri en getið er um í þessari upptalningu og öruggt er að þó nokkrar skriður hafa fallið, sem ekki hafa ratað inn í heimildir. Líklegt er þó að flestir og vonandi allir meiri háttar atburðir á tímabilinu hafi ratað í heimildir. Þær skriður sem heimildir eru um í Neskaupstað virðast allar hafa fylgt farvegum, og þar sem þeir liggja um byggðina getur skapast mikil skriðuhætta (mynd 1). En skriður geta líka fallið úr fjallshlíðinni á milli farveganna, nokkru ofan við byggðina, en þeirra er sjaldnast eða aldrei getið í heimildum (Þorsteinn Sæmundsson og Halldór G. Pétursson 1999).

20. ágúst 1930, Bjarnaborgarlækur (farvegur 14)

Skriður: Þrjár aurskriður hlupu í sjó fram.

Tjón/atburðarás: „Óhemju rigningar hafa verið hér undanfarið. Í gær (20.08.) hlupu þrjár aurskriður í sjó fram og ollu miklum skemmdum á túnnum og vegum. Ein skriðan lenti á útgerðarhúsi og braut það og skemmdi mikið af fiski. Tveir menn voru við vinnu í húsinu og björguðust þeir með naumindum. Í dag er hér ljöldi manns önnum kafinn við að hreinsa vegina og moka upp fiskstakka af reitum. Tjónið er talið mörg þúsund krónur“.

Líklega var það Bjarnaborgarlækur sem hljóp í þetta sinn. Sjávarhúsið hét Nýhöfn og stóð við sjóinn neðan við Strandgötu.

Veður. „Um þ. 20. voru óhemju rigningar, einkum á Austurlandi og ollu þar miklum skemmdum“. (Teigarhorn 20.08.30 - 45,3 mm).

Heimildir: Veðráttan, ág. 1930, Ólafur Jónsson 1957, Halldór G. Pétursson 1996, Reynir Zoëga, munnlegar upplýsingar 1999.

1. september 1937, Kvíabólslækur (farvegur 5), Konráðslækur (farvegur 7)

Flóð/skriður?: Í kjölfar stórrigninga komu stórhlaup úr öllum lækjum fyrir ofan Neskaupstað. Mikið vatnsflóð varð í kaптúninu, en ekki er ljóst hvort skriðuföll fylgdu þessum rigningum.

Tjón/atburðarás: Miklar skemmdir urðu á vegum, túnum og matjurtagörðum af völdum vatnsflóðanna. Vatnið sprengdi fram uppfyllingar og brýr við Miðstræti. Stór upphleðsla yfir Franskagil (staðsetning ?) sprakk og rótaðist fram alla leið til sjávar. Meiri hluti gatna í bænum urðu ófærar vegna flóða. Sumstaðar var hnédjúp aurbleyta á götunum. Þá barst aurleðja inn í kjallara húsa og á einum stað komst aurleðjan upp að gluggum á pakkhúsi.

Á Kvíabólslæk var stór og mikil brú, a.m.k. mannhæðar há, en hún fór í þessu hlaupi. Líklegt er að Konráðslækur hafi verið einn af þeim lækjum sem hlupu að þessu sinni.

Veður: Þann 1. voru stórrigningar austanlands. „Óhemju rigningarveður hefur verið hér í dag (01.09.), og urðu stórhlaup í öllum lækjum, sem orsakað hefur flóð í kaптúninu. Mest var rigningin kl. 12:30-13, en fór heldur minnkandi er leið á daginn“. (Seyðisfjörður 02.09.37 - 80.1 mm, Vattarnes 02.09.37 - 51.5 mm, Teigarhorn 01.09.37 - 46.6 mm).

Heimildir: Veðráttan, sept. 1937, Ólafur Jónsson 1957, Halldór G. Pétursson 1996, Reynir Zoëga, munnlegar upplýsingar 1999.

Ath: Í þetta skiftið hlupu einnig skriður úr Hólmatindi á Eskifirði og ef til vill víðar. Óljóst er hvort um var að ræða skriður eða eingöngu vatnsflóð í Neskaupstað, en sumar heimildirnar benda til skriðufalla.

Um 1939-41, Konráðslækur (farvegur 7)

Flóð/skriður: Óljósar sögusagnir eru um að Konráðslækur hafi hlaupið á þessu tímabili.

Tjón/atburðarás: Ekki er vitað til að tjón hafi hlotist af þessu hlaupi.

Veður: ?

Heimildir: Reynir Zoëga, munnlegar upplýsingar 1999.

23. nóvember 1949, Stekkjarlækur (farvegur 6), Konráðslækur (farvegur 7)

Skriður: Þann 23. nóvember urðu skriðuföll í miklum flóðum, í kjölfar úrhellisrigningar sem staðið hafði í nokkra daga. Um kl. 7:30 féll aurskriða úr Urðarbotni, niður Stekkjarlæk, á sýslumannshúsið, Miðstræti 18 og síðan á sundlaug bæjarins. Um kl. 9:30 féll skriða úr Konráðslæk, en hún var öllu minni. Þá munu einnig hafa orðið töluverð skriðuföll á Ströndinni og þar féllu skriður yfir veginn. Eflaust hafa skriður fallið víðar.

Tjón/atburðarás: Skriðan sem féll niður Stekkjarlæk átti sér upptök í Urðarbotni og gátu menn þess sér til að í undanfarandi rigningartíð hafi vatn safnast saman í skálinni. Þegar fyrirstaða rofnaði, braust vatnsflaumur fram og féll niður hlíðina í einum farvegi. Skriðan felldi steinsteypnan garð, sem var fyrir ofan sýslumannshúsið, við Miðstræti 18 og fyllti kjallara hússins af aur og vatni. Mikið tjón varð á húsbúnaði og íbúðinni, og varð litlu sem engu bjargað úr henni. Skriðan féll áfram og komst mikill aur í sundlaug kaupstaðarins, Miðstræti 15. Umferð um Miðstræti tepptist og var aurinn þar 0,75-1 m djúpur. Allan daginn var reynt að stöðva skriðuna og beina

henni frá húsum, en fleiri íbúðir munu einnig hafa orðið fyrir verulegum skemmdum. Auk aursins rann stórgrýti niður fjallið, en það olli ekki tjóni. Náði hlaupið yfir u.þ.b. 150 m, breitt svæði í kauptúninu og olli óhemju skemmdum

„Mikið af tünnum felst undir skriðunni, og eru þau nú grjóturð yfir að líta. Það mun verða margra daga verk fyrir fjölda manna að verka aur úr húsunum og af lóðum í kaupstaðnum“.

Skriðan úr Stekkjarlæk féll þar sem leikskólinn, Blómsturvellir 26-32 stendur nú (byggt 1960). Stekkjargatan grófst töluvert þegar vatnsflaumurinn fossaði niður hana.

Skriðan úr Konráðslæk var öllu minni en sú úr Stekkjarlæk og olli minna tjóni. Í þessum skriðuföllum mun rennsli úr Konráðslæk hafa færst aftur yfir í Stekkjarlæk, en um aldamótin 1900 var honum veitt í Konráðslæk til að Fiskverkunarstöð Konráðs fengi nóg vatn.

Veður: Stórrigning á Austfjörðum þ. 22.-23., en töluverð úrkoma var dagana áður. (Dalatangi 23.08.49. - 36.9 mm, heildarúrkoma í nóv. - 177 mm).

Heimildir: Veðráttan, nóv. 1949, Ólafur Jónsson 1957, Halldór G. Pétursson 1996, Reynir Zoëga, munnlegar upplýsingar 1999.

10. júlí 1950, Stekkjarlækur (farvegur 6)

Flóð/skriður?: Mikill vöxtur hljóp í allar lækjarsprænur í fjallinu ofan við Neskaupstað í kjölfar nokkura daga stórrigningar. Einhverjar skriður virðast hafa fallið en ekki er ljóst hvort þær bárust niður í bæinn.

Tjón/atburðarás: „Síðast liðna nótt (10.07.) hljóp sami lækurinn (Stekkjarlækur) og mestu tjóni olli sl. haust og rann m.a. yfir sama svæðið. Fyllti m.a. innganginn í sundlaugina og gróf töluvert í sundur af rafstöðvarveginum (Stekkjargata). Margir aðrir lækir hlupu og mátti heita að ófært væri um bæinn í dag (10.07.)“. „Stórtjón varð ekkert, en leðju bar upp að sundlauginni og kjallara í húsi sem er í byggingu, fyllti af vatni“. „Einnig hlupu aurskriður á tún í Neskaupstað og vatnsagi var mikill á götunum, en skemmdir urðu engan veginn eins miklar og á síðasta hausti“.

Veður: Þann 8. til 15. voru stöðugar og stórfelldar rigningar um austanvert landið. Stórrigningu gerði á Neskaupstað um miðnætti aðfaranótt sunnudags (09.07.) og hélst hún stöðug fram á miðjan dag í dag (10.07). (Dalatangi 10.07.50 - 65.7 mm, heildarúrkoma í júlí - 447.1 mm).

Heimildir: Veðráttan, júlí 1950, Ólafur Jónsson 1957, Halldór G. Pétursson 1996.

Ath: Ekki eru heimildir sammála um hvort það voru skriður eða eingöngu flóð sem ollu skemmdum í Neskaupstað, ljóst er að hér var um miklu minni aðburð að ræða en haustið 1949. Svo virðist sem að í þetta skiftið hafi einnig fallið skriður annars staðar í Norðfirði (óvíst hvar) og e.t.v. víðar á Austfjörðum. Nokkrum dögum seinna (15.07.) fékk miklar skriður í Reyðarfirði (Hólmar) og Eskifirði (Hólmatindur).

21. október 1959

Flóð: Vatnsflóð varð úr hlíðinni ofan við Neskaupstað í kjölfar stórrigningar.

Tjón/atburðarás: „Í hlíðinni fyrir ofan bæinn eru margir lækir. Í rigningunni hlupu þeir allir, og friðsömustu smálækir veltust fram kolmórauðir. Fylltu þeir öll vatnsból vatnsveitu bæjarins af framburði, en vatnið úr leiðslunum varð kolmórautt í bili. Nokkrir lækir hlupu yfir vegi og götur. Eitt ræsi fylltist og eyðilagðist, en með harðfylgi tókst að halda götunum færum fyrir bifreiðaumferð. Má telja að við borð hafi legið að stórtjón yrði á húsum og mannvirkjum í bænum, og hefði það vafalaust orðið ef stórrigningin hefði staðið öllu lengur“.

Veður: Allmikil úrkoma var um land allt dagana 20. og 21. „Um kl. 06 gerði mikla rigningu af suðaustri í Neskaupstað. Herti veðrið eftir því sem á morguninn leið og

milli kl. 10-12 var eindæma úrhellisrigning. Eftir hádegið stytta upp og lægði, og síðdegis var komið besta veður“. (Dalatangi 22.10.59 - 21.8 mm).

Heimildir: Veðráttan, okt. 1959, Ólafur Jónsson 1974, Halldór G. Pétursson 1992.

Ath: Sennilega væri réttara að flokka það sem átti sér stað á Neskaupstað sem flóð en ekki skriður, en í þessu veðri féllu skriður á veginn um Fagradal.

12.-13. nóvember 1968, Landalækur (og e.t.v. víðar) (ónúmeraðir farvegir)

Skriður: Mikil skriðuföll urðu í Norðfirði (t.d. við Grænans og Seldal) í óvenjumiklu vatnsveðri dagana 12.-13. nóv. Skriður féllu á veginn nálægt kaupstaðnum og þess er getið að margar smáskriður hafi fallið á sjálfan kaupstaðinn. Þá féll stór skriða úr Landalæk á Naustahvamm 56, svokölluð Miðhús. Önnur stór skriða virðist hafa fallið úr farvegi rétt utan við Naustalæk.

Tjón/atburðarás: „Geysilegt úrfelli er nú hér á Norðfirði (12.11.) og er sem Nóaflóð sé að hefjast. Spjöll af völdum vatnsaga eru byrjuð að gera vart við sig og skriðuhætta eykst með hverri stund, sem líður. Lækir eru orðnir sem beljandi fljót. Hafa menn tilbúnað ýtur og fleira. Þegar er byrjað að renna vatn í kjallara íbúðarhúsa í bænum“.

„Skriður féllu á veginn nálægt kaupstaðnum og margar smáskriður féllu á kaupstaðinn sjálfan í gærkvöldi (12.11). Var fólk farið að flytja af neðstu hæðum húsa er standa næst hlíðinni, þar sem skriðuhætta er mest“. „Þar (Neskaupstaður) féllu þrjár aurskriður og lentu tvær á íbúðarhúsi.“ „Um kl. 21:30 um kvöldið féll svo aurskriða á íbúðarhúsið að Naustahvamm 56 og aftur litlu yfir 22:30. Í þessu húsi býr maður ásamt þremur börnum sínum og voru þau ein heima, þegar skriðan féll í fyrra skiftið. Börnunum tókst þó að komast úr húsinu og yfir í næsta íbúðarhús, þar sem þau voru þegar síðari skriðan féll. Fyllti aurinn jarðhæð húsin og í gær rann lækur í gegnum íbúðarhúsið. Einnig náði aurskriðan út á götuna og lokaði henni“.

Aðrar heimildir geta þess að nokkrar skriður hafi fallið á kaupstaðinn, en geta aðeins um staðsetningu þeirrar sem féll á Naustahvamm 56. Ein heimild getur um 100 m breiðar skriðu, sem olli miklum skemmdum á íbúðarhúsi og fiskvinnslustöð í Naustaveri, en samkvæmt kortum Hörpu Grímsdóttur (1998) er það nokkuð utan við Miðhús (Naustahvamm 56). Sú skriða hefði þá fallið úr farvegi utan við Naustalæk. Allt er þetta nokkuð óljóst og vel má vera að hér ruglingur á ferðinni og eingöngu átt við Naustahvamm 56, en að svo stöddu máli virðist rétt að gera ráð fyrir þeim möguleika að skriður hafi fallið á fleiri hús en Naustahvamm 56.

Veður: Votviðrasamt var um austurhluta landsins fyrri part nóvember. Féll sú úrkoma ýmist sem snjór eða regn. Á Austfjörðum, á Héraði og í Fljótsdal gerði óvenjumikið vatnsveður dagana 12.-13. Mikil flóð urðu á Héraði og hjálpuðust þar að, mikill snjór, sem féll til fjalla viku áður og síðan asahláka með rigningu sjálfa flóðdagana. Víða urðu vegaspjöll. (Dalatangi 13.11.68 - 87.4 mm).

Heimildir: Veðráttan, nóv. 1968, Ólafur Jónsson 1974, Halldór G. Pétursson 1991.

Ath: Í þetta skiftið urðu mjög mikil skriðuföll víða á Austurlandi. Auk skriðufallana í Norðfirði, féllu skriður í Njarðvíkurskriðum, á Fljótsdalshéraði, Fagradal og í Breiðdal.

25. ágúst 1974

Flóð: Miklir vatnavextir í fjallinu fyrir ofan bæinn, í kjölfar stórrigninga.

Tjón/atburðarás: „Hver lækur var orðinn að á og menn muna ekki eftir annari eins rigningu í 15-20 ár hér (Neskaupstaður). Fjallið var orðið einn alsherjar lækur og sumir frægustu lækirnir orðnir kolsvartir. Mátti varla tæpara standa og ugglaust hefði farið illa ef rigningin hefði staðið einhverjum klukkutímum lengur. Engar alvarlegar skemmdir urðu en vegir grófust nokkuð á tveimur stöðum“.

Veður: Lægð var fyrir suðaustan land þann 24. og fór vaxandi. Hvassviðri breiddist út um allt land. Var víða stormur þann 25., sums staðar slydda og snjókoma og mikið vatnsveður austan og norðanlands. (Seyðisfjörður 25.08.74 - 108 mm, Dalatangi 25.08.74 - 73.6 mm, Kambanes 25.08.74 - 129.2 mm).

Heimildir: Veðráttan, ág. 1974, Halldór G. Pétursson 1991.

Ath: Í þessu veðri féllu skriður víða á Austfjörðum, eins og á Seyðisfirði, Mjóafirði, á Hólmahálsi og víða í „skriðunum suður með fjörðunum“.

31. október 1980, Sekkjarlækur (farvegur 6), Bjarnaborgarlækur (farvegur 14)

Skriður: Þrjár aurskriður féllu í Neskaupstað, tvær skriður féllu við Urðarteig (líklega Bjarnaborgarlækur), en hin þriðja við Stekkjargötu (Sekkjarlækur). „Það var um hádegið sem veðrið var verst og mikill vatnagangur sem kom skriðunum af stað“. „Gerðist þetta á 4-5 klst. tímabili í kjölfar þíðviðris og rigninga“.

Tjón/atburðarás: Um kl. 14 hljóp aurskriða yfir Urðarteig og niður á Strandgötu (líklega ú Bjarnaborgarlæk). Um kl. 17 hljóp síðan stærri skriða niður á svipuðum stað. FóR skriðan yfir garð og lenti hluti hennar í kjallara hússins. Garðurinn sem var hinn fegursti, gjöreyðilagðist og einnig annan garður sem varð undir aurskriðunni.

Um svipað leyti hljóp aurskriða niður við félagsheimilið á Neskaupsstað (Stekkjarlækur), stíflaði lækinn, sem við það rann í stríðum straumum niður með félagsheimilinu, þannig að á veginum við heimilið hlóðust upp mörg bílhlöss af aur og grjóti. Þá gróf aurinn sig í gegnum veginn milli Rafveitunnar og slökkvi-stöðvarinnar, auk þess sem garðar hlutu óbætánlegan skaða af. Tjón var talið nema tugum milljóna. Holræsakerfið varð einnig verulega illa úti.

Veður: „Ofsaleg rigning var hér í gær (Neskaupstaður 31.10.), og fylgdi henni 10-12 stiga hiti svo allur snjór bráðnaði úr fjöllum“. (Neskaupstaður 01.11.80. - 46.6 mm).

Heimildir: Veðráttan, nóv. 1980, Halldór G. Pétursson 1991.

Ath: Líklega hafa skriður fallið víðar á Austurlandi í þetta skiftið, þótt ekki hafi tekist að finna heimildir um það.

26. júní 1993, Stekkjarlækur (farvegur 6)

Skriða: Um mánaðamótin júní/júlí hljóp lítil skriða niður Stekkjarlæk. Hugsanlega 26. júní.

Tjón/atburðarás: Nokkru áður en skriðan féll, þornaði lækurinn. Um kvöldmatarleytið hófust miklir skruðningar í fjallinu svo bergmálaði um fjörðinn. Fyllan sem fór niður var ekki nema nokkrir tugir eða hundruð rúmmetra, mjög vatnsblandaðir. Vatnið hreinsaði lækjarfarveginn niður í klöpp svo vart var stein að sjá allt niður undir byggð. Ræsakerfið í bænum annaði öllu vatns- og skriðumagninu en hefði ekki þolað öllu meira.

Veður: ?

Heimildir: Árni Hjartarson 1995, Veðráttan, júní 1993.

Ath: Úrkomuhámark í Neskaupstað í júní/júlí 1993 var 26.06., en þá mældust 98.4 mm. Líklega hefur skriðan fallið þá.

7.-8. nóvember 1998

Krapaflóð/skriður: Vatn flæddi víða inn í kjallara húsa og aurskriður féllu niður undir byggð í Neskaupstað.

Tjón/atburðarás: Mikið vatnsveður var á Neskaupstað og urðu þar töluverðar skemmdir. Auk mikillar rigningar hlýnaði þar mikið og sá snjór sem kominn var bráðnaði ört og jók enn á vatnsflauminn. Vatn flæddi inn í íbúðarhús og fyrirtæki, ræsi stífluðust víða, svo að vatnsflaumur fór yfir húsalóðir og götur. Þá fór aðalæð

Vatnsveitunnar í sundur þegar lækur sem vatnsæðin liggur undir gróf sig niður. Var bærinn vatnslaus í um tíu tíma. „Allmargar skriður komu úr fjallinu í nótt, þegar lækir hlupu og báru með sér grjót og mold. Brúnir flákar eru víða í fjallinu eftir skriðurnar, sem fóru víða yfir vegi og skildu eftir aur og grjót á þeim. Starfsmenn bæjarins hafa í dag unnið við að hreinsa aur úr stokkum og lögnum og hreinsa vegi. Ekki varð neins staðar stórtjón“.

Það munu hafa verið blanda af krapaflóðum og aurskriðum sem féllu í Neskaupstað. Reyndar munu sjálfar skriðurnar ekki hafa náð niður í bæinn, en þar varð mikið flóð og aurburður í lækjum.

Veður: Mikið vatnsveður gekk yfir austanvert landið og að auki hlýnaði mikið. Töluverður snjór var í fjöllum, bráðnaði hann ört, svo af þessu öllu varð mikið vatnsflóð.

Heimildir: Gögn Náttúrufræðistofnunar, upplýsingar frá snjóaeftirlitsmönnum í Neskaupstað.

Ath: Í þessu veðri féllu krapaflóð og skriður víða austanlands, t.d. í Njarðvíkur-skriðum, á Fagradal, í Mjóafirði og við Valþjófsstað í Fljótsdal.

2.2 Dreifbýlið - Norðfjörður

Sem fyrr eru upplýsingarnar fyrst og fremst sóttar í fréttar- og dagblöð frá þeim tíma er atburðirnir urðu. Á þessari öld hafa tvisvar sinnum orðið mikil skriðuföll í Norðfirði (1935, 1968) og einu sinni líklega einhver skriðuföll í miklum flóðum. Á mynd 3 er gerð tilraun til að staðsetja þessi skriðuföll gróflega. Eftirtektarvert er að skriðuföll í sveitinni virðast ekkert endilega verða um leið og skriðuföll í Neskaupstað. Skriðuföll í sveitinni verða oftast um leið og skriður falla víðsvegar um Austurland, en skriðuföll í Neskaupstað eru oft stakir atburðir. Skriðurnar í Norðfjarðarsveit virðast fyrst og fremst hafa valdið gróðurskemmdum á óræktuðu landi og túnnum og sumar skriðurnar hafa greinilega fylgt farvegum eða giljum. Alla vega tvisvar sinnum hafa skriður fallið nálægt bæjarhúsum, en órannsökuðu máli er ekki hægt að fullyrða að bæir séu í beinni skriðuhættu.

Haut 1870: (Norðanfari 1871, úr bréfi úr Norðfirði í Suður-Múlasýslu): Haustíðin hefir mátt heita hin besta hér fyrir austan, að sönnu komu hér um veturnæturnar gróf rigningaköst, svo víða hlupu skriður á beitolönd og engi manna (Ólafur Jónsson 1957). Hér er á ferðinni fréttabréf sem fjallar um allan Austfirðingafjórðung árið 1870, og því óvíst er hvort skriður eða flóð hafi orðið í Norðfirði í þetta skiftið.

9. október 1874: (Norðanfari 1875, úr bréfi úr Norðfirði í Suður-Múlasýslu, dags. 19. nóv. 1874): Haustíðin hefur verið mjög óstöðug og veðrasöm, en jarðir hafa haldist góðar allt til þessa. 9. f.m. kom hér rigning mikil, vatnagangur og grjóthlaup svo víða varð tjón að, en hvergi, sem ég hef frétt jafnmikið og hjá sjálfseignarbónda Ólafi Guðmundssyni á Firði í Mjóafirði (Ólafur Jónsson 1957). Hér er aftur á ferðinni fréttabréf sem fjallar um allan Austfirðingafjórðung árið 1874, og því óvíst er hvort skriður eða flóð hafi orðið í Norðfirði í þetta skiftið.

14.-17. september 1935: Dagana 14.-17. september 1935 gekk norðaustan hvassviðri yfir landið og fylgdi því stórfelld rigning á Austurlandi og seinna víða á Norðurlandi (Seyðisfjörður 15.09.35 - 109.7 mm). Í kjölfar veðursins urðu víða mjög mikil skriðuföll, svo sem á Seyðisfirði (14.-15.), í Norðfirði og á Eskafirði (15.-16.) og m.a. í Bárðardal og Eyjafirði (16.-17.). Í þessu veðri féllu skriður á lönd jarðanna Skorrastaðar, Skálateigs, Miðbæja og Kirkjubóls (mynd 3). Á Skorrastað hlupu tvær

skriður sín hvoru megin við bæinn, skemmdu mikið tún og engjar og tóku 20 heyhesta. Á Skálateigi fóru 60-70 hestar af heyi, stórt stykki af túninu lenti undir skriðu, svo og engjar. Á Kirkjubóli hlupu margar aurskriður, sem drápu eitthvað af fé. Tún og engjar skemmdust nokkuð svo og rafstöðin. Er þess getið að á milli Kirkjubóls og Skálateigsbæja hafi fallið stór skriða sem drepið hafi mikið af fé. Þá skemmdust vegir víða í sveitinni og vatn flaut yfir láglendi. Ekki er getið um skriðuföll eða skemmdir í Neskaupstað. (Ólafur Jónsson 1957, Halldór G. Pétursson 1996).

5.-7. ágúst 1946: Miklar rigningar voru um austanvert landið dagana 5.-7. ágúst, urðu mikil flóð og víða féllu skriður eins og í Reyðarfirði, Eskifirði, Mjóafirði og Seyðisfirði. „Í Norðfirði urðu tilfinnanlegar skemmdir. Hljóp mikill vöxtur í Norðfjarðará og læki, sem koma úr fjöllum beggja megin sveitarinnar. Flæddi vatnið yfir engjar og bithaga og bar með sér aur og mól og jafnvel stórgrýti. Munu skemmdirnar hafa orðið mestar á Skorrastað og Neðri-Miðbæ, bæjum skammt innan við fjarðarbotninn að norðan (mynd 3). Eitthvað af heyi mun hafa flotið burt. Einnig urðu skemmdir á vegum á þessum slóðum, og tvær brýr á veginum til Neskaupstaðar tók af. Í sjálfum Neskaupstað urðu ekki neinar skemmdir“. Ekki er ljóst hvort flokka þá atburði sem áttu sér stað í Norðfirði, sem skriðuföll eða framburð mikilla vatnsflóða, en á þessu er varla nema stigsmunur (Ólafur Jónsson 1957, Halldór G. Pétursson 1996).

12.-13. nóv. 1968: Votviðrasamt var á austurhluta landsins fyrri part nóvember. Féll sú úrkoma ýmist sem snjór eða regn. Á Austfjörðum, á Héraði og í Fljótssdal gerði óvenjumikið vatnsveður dagana 12.-13. Urðu víða mikil flóð og hjálpaðist þar að, mikil snjór, sem féll til fjalla viku áður og síðan asahláka með rigningu. Víða féllu skriður eins og í Njarðvíkurskriðum, á Fljótssdalshéraði, Fagradal og Breiðdal. Í Norðfirði féllu skriður við kaupstaðinn og í sveitinni (mynd 3). Í Neskaupstað féllu skriður úr Landalæk og fleiri lækjum, m.a. á íbúðarhúsið að Naustahvammi 56. Í sveitinni urðu gífurlegar skemmdir. Vegir skemmdust mjög mikið og lækir og ár flæddu yfir bakka sína. Í landi Grænaness féll stórskriða úr miðju fjalli og skildi eftir sig svöðusár í hlíðinni. Hlaupsárið er um 8 ha. að flatarmáli. Skriðan stíflaði ána og fleygaðist norður á sléttuna fyrir norðan hana, þar sem hún skemmdi tún og braut girðingar fyrir Miðbæingum. Í landi Seldals féllu margar skriður og var sú stærsta 400-500 m breið. Bærinn stendur undir háu fjalli og losnaði skriðan ofarlega í fjallinu og steptist niður, og rann um 500 metra frá fjallsrótum og stöðvaðist fyrst við Norðfjarðará, og rann þar niður í gljúfrin og fleytti áin, sem var í gífurlegum vexti, skriðunni áfram. Féll skriðan aðeins fáeina metra frá bænum. „Skriðan bar með sér mikið af grjóti og er nú mikið af stórgrýti á túninu, en aurinn í skriðunni var eins og þunn súpa, enda var vatnsfarganið óskaplegt. Skriðan braut niður girðingar og fyllti alla skurði, sem hún hljóp yfir“. „Seldalur stendur undir háu fjalli og er hlíðin ofan við bæinn skógi vaxin og var þar mikill gróður. Stærsta skriðan, sem var 400 m breið, tók af skóginn, þar sem hún fór yfir, og er þar nú alveg gróðurlaust. Auk þess hlupu fram margar smáskriður, sem skemmdu skóg og fylltu skurði“.

Þá hafa skriður eflaust hlaupið víðar eins og t.d. við Hóla. „Þó féll jarðskriða (torfuhlaup) úr Stórhól 1968, stórskemmdi kjarrgróður og fyllti nýgrafna skurði“. (Ólafur Jónsson 1974, Ármann Halldórsson 1976, Halldór G. Pétursson 1992).

3 FORN SKRIÐUFÖLL

Upplýsingar um forn skriðuföll eru fátæklegri í Austfirðingafjórðungi en annars staðar á landinu og er ástæðan fyrst og fremst sú að Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um fjórðunginn glataðist í Kaupmannahafnarbrunum í byrjun 18. aldar. Því var aðeins gluggað í aðrar heimildir eins og „Búkollu“ eða Sveitir og jarðir í Múlapingi (Ármann Halldórsson (ritst.) 1976) og örnefnaskrár. Hér á eftir fylgja þær upplýsingar sem fundust við þá leit og á mynd 4 eru merktar þær jarðir sem þessar upplýsingar eiga við. Eflaust má lengi tína til ýmsan fróðleik um forn skriðuföll ef menn hafa bæði tíma og þolinmæði. Í því sambandi má benda á benda á ýmsar óprentaðar heimildir, eins og t.d. gömul jarðamöt eða örnefnaskrár einstakra jarða í Norðfirði.

Bjarg - Naustahvammur 12: Þegar grafið var fyrir grunni húsins (1930), komu menn niður á hart undirlag í austurenda, en í vesturenda grunnsins var ekkert fast undirlag, bara leðja með stórum steinum niður í tvær húshæðir. Þetta gæti hugsanlega verið merki um aurskriðu (Harpa Grímsdóttir 1998).

Hof: Fjallið er mjög lyngivaxið neðan kletta. Í því eru tvær gjár, Hofsgjá og Svarthamragjá og stórar skriður niður frá gjánum. Gömul munmælasaga segir, að eitt sinn í hungri og bágindum hafi bóndinn á Hofi átt skemmu fulla af mat, en engum miðlað. Var því þungur hugur til hans. Segir ekki meira af því, en ekki leið á löngu, þar til hlaup kom úr fjalli og eyðilagði bæði skemmu og matarforða. Þegar núverandi eigendur byggðu fjós, var komið niður á gömul gólf. Krákuskeljahaugur var í næstefsta gólfi. Síðan kom grjóthlaup og nokkur gólf þar undir. Í þessum uppgrefttri voru ýmsar leifar mannbústaðar (Ármann Halldórsson 1976).

Efri-Miðbær: Fjallið er bratt og hafa aur- og grjóthlaup úr lækjum stundum spillt landi, t.d. hlaup úr Kjálkalæk. Úr búskaparannál 1918: Skriður á engi (Ármann Halldórsson 1976). Samkvæmt jarðamati 1849 er þar landlítið og hætt við skriðuhlaupum (Harpa Grímsdóttir 1998).

Neðri-Miðbær: Eins og á mörgum jörðum eða flestum í Norðfirði verða stundum nokkur landspjöll af skriðum, sem falla niður á graslendi í Miðbæjunum (Ármann Halldórsson 1976).

Hólar: Snjóþungt er á Hólum og snjóflóða- og skriðuhætt sunnan ár, en ekki að norðan. Þó féll jarðskriða (torfuhlaup) úr Stórhól 1968, stórskemmdi kjarrgróður og fyllti nýgrafna skurði. Úr búskaparannál um 1914: Landspjöll af skriðuföllum og Norðfjarðará (Ármann Halldórsson 1976).

Tandrastaðir: Landið er nær allt í fjöllum báðum megin Norðfjarðarár. Að norðan eru með ánni grýttar eyrar. ...Ofan við eyrarnar eru grjót- og aurhlaup sundurskorin af lækjum og gilskorningum. Sunnan ár er lítil aðdragandi að fjallinu, neðst skriðuland ýmist gróið eða hrjóstur, en ofar lyngbrekkur og þá brattar skriður og klettur Hólafjalls. Þar er skriðuhætt, en norðan ár er hluti lands undirorpinn aurhlaupum úr Fannardalsá og Tandрастаðaá, m.a. er bæjarstæðið utan við þá síðarnefndu og ofan við veginn hvergi nærri óhult (Ármann Halldórsson 1976).

Seldalur: Í Seldal er bæði skriðu- og snjóflóðahætt. Árið 1917 féll snjóflóð og braut inn fjárhús, og haustið 1968 féllu 12. nóv. 2 skriður, 1½ km á breidd, eyðilögðu mikið af túni, slitu girðingar og fylltu skurði. Úr búskaparannál 1918: Skriður falla stundum á engi (Ármann Halldórsson 1976).

Grænanes: Skriðuhætta er í fjallshlíðinni, en snjóflóðahætta síður. Stórskriða féll frá miðju fjalli í nóvember 1968 og skildi eftir sig svöðusár í hlíðinni, ógróið enn. Hlaupsárið er um 8 ha. að flatarmáli. Skriðan stíflaði ána og fleygaðist norður á sléttuna fyrir norðan hana, þar sem hún skemmdi tún og braut girðingar fyrir Miðbæingum. Úr búskaparannál um 1900: Skriðuhætt á tún og engi (Ármann Halldórsson 1976). Í fasteignamati 1916 stendur að skriður falli stundum á tún og engi (Harpa Grímsdóttir 1998).

Búland/Borgir: Það mun hafa legið undir áföllum sökum skriðufalla og farið í auðn (í byggð af og til). Í fasteignamati 1916 stendur líka að hætta stafi húsum og jörðum af aurskriðum og snjóflóðum (Harpa Grímsdóttir 1998).

Í sambandi við þessa vinnu var ekki talin ástæða til þess halda lengra út með firðinum að sunnanverðu, því þar eru nú eingöngu eyðibygðir. Þess má þó geta að bæði Hellisfjarðar og Viðfjarðar er sérlega getið sökum skriðufalla og í Viðfirði hafa reyndar bæir eyðst af skriðuföllum (Þorvaldur Thoroddsen 1913, Ármann Halldórsson 1976).

4 NIÐURSTÖÐUR

Á því tímabili sem hér er fjallað um (1930-1999) hafa oft orðið skriðuföll í Neskaupstað án þess að skriður hafi fallið annars staðar á Austfjörðum eða jafnvel í Norðfjarðarsveit. Aðstæður í fjallinu ofan við Neskaupstað eru þannig, að þar skapast oftast skriðuhætta í mikill úrkomu en annars staðar í firðinum. Skriðuföll í Neskaupstað tengjast fyrst og fremst mikilli rigningu á stuttum tíma, en dæmi eru um blöndu af krapaflóðum og aurskriðum vegna asahláku í kjölfar mikillar rigningar og hlýnandi veðurs. Ekki hafa fundist dæmi um hreinar leysingaskriður.

Ekki er ósennilegt að á tímabilinu hafi mun oftast fallið skriður eða aurflóð í Neskaupstað, en heimildir greina frá (sjá töflu 1). Það er reynsla okkar að ef ekki verður tjón í skriðuföllum, þá er það jafnan tilviljunum háð hvort upplýsingar um skriðuna eru skráðar. Sérstaklega gildir þetta um fyrri hluta aldarinnar. Þó er reiknað með að flestra ef ekki allra stærri atburða sem orðið hafa á tímabilinu sé getið. Aðeins virðist stigsmunur á vatnsflóðum og vatnsflóðum með aurburði eða skriðum. Stundum er, sem eingöngu vatnsflóðin hafi náð niður í bæinn, en skriðurnar hafi stöðvast ofar. Mestu skriðuföllin á tímabilinu virðast hafa orðið 23. nóv. 1949, en skriðuföllin 12.-13. nóv. 1968 og 31. október 1980 voru einnig mjög mikil.

Aðeins hefur tekist að staðsetja fáar af þeim skriðum sem féllu á tímabilinu. Þær hafa nærri allar fallið eftir farvegum sem liggja gegnum bæinn og valdið þar tjóni (tafla 1). Úr Kvíabólslæk (farvegur 5) kom svo öruggugt megi telja ein skriða, úr Stekkjarlæk (farvegur 6) fjórar skriður, úr Konráðslæk (farvegur 7) þrjár og úr Bjarnaborgarlæk (farvegi 14) tvær skriður. Þá féllu einnig skriður úr Landlæk og farvegum þar í nágrenninu (ónúmeraðir farvegir). Ekki er ólíklegt að fleiri skriður hafi fallið úr

Þessum farvegum á tímabilinu, en þær sennilega ekki valdið teljandi tjóni og því þótt ástæðulaust að geta þeirra.

Tveir af farvegnum á svæðinu eru nálangdir, en það eru Stekkjarlækur (farvegur 6) og Konráðslækur (farvegur 7). Vatni var veitt úr Stekkjarlæk í Konráðslæk í byrjun aldarinnar, en í skriðuföllunum 1949 færðist það aftur í Stekkjarlæk og er Konráðslækur síðan vart svipur hjá sjón. Upptök Stekkjarlæks eru efst í fjallinu, í Urðarbotnum (mynd 2). Í Urðarbotnum er bunki af lausum jarðlögum eða lítið berghlaup (Árni Hjartarson 1989, 1991, 1995, Björn Jóhann Björnsson 1991). Berghlaupið er krosssprungið og það virðist vera á hægri hreyfingu. Skriðuföll úr Stekkjarlæk og Konráðslæk (fyrir 1949), hafa átt sér upptök berghlaupinu í Urðarbotnum og jafnvel talin tengjast hreyfingum á því (Árni Hjartarsson 1995). Full ástæða þykir því til að fylgjast sérstaklega með berghlaupinu því mikil skriðuhætta getur stafað af því ef það fer virkilega á hreyfingu.

5 HEIMILDIR

Ármann Halldórsson (ritst.) 1976: Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi. Búnaðarsamband Austurlands. 484 bls.

Árni Hjartarson 1989: Jarðrask í fjallinu ofan við Neskaupstað, tekið saman fyrir Víglund Gunnarsson. Orkustofnun, greinargerð ÁH-89/02. 2 bls.

Árni Hjartarson 1991: Jarðrask ofan við Neskaupstað. Minnispunktar til bæjarstjórnar Neskaupstaðar. 6 bls.

Árni Hjartarson 1995: Jarðrask í Nesfjalli við Norðfjörð, Í Eyjar í eldhafi. Gott mál, Reykjavík. Bls. 49-52.

Björn Jóhann Björnsson 1991: Greinargerð um athugun á skriðuhættu í Neskaupstað. Stuðull, verk- og jarðfræðiþjónusta. 7 bls.

Halldór G. Pétursson 1991: Drög að skriðuannál 1971-1990. Náttúrufræðistofnun Norðurlands, skýrsla 14. 58 bls.

Halldór G. Pétursson 1992: Skriðuannáll 1951-1970. Náttúrufræðistofnun Norðurlands, skýrsla 16. 57 bls.

Halldór G. Pétursson 1993: Skriðuannáll 1991-1992. Náttúrufræðistofnun Norðurlands, skýrsla 17. 16 bls.

Halldór G. Pétursson 1994: Skriðuannáll 1993-1994. Náttúrufræðistofnun Íslands - Akureyri, skýrsla 2. 18 bls.

Halldór G. Pétursson 1996: Skriðuannáll 1925-1950. Náttúrufræðistofnun Íslands - Akureyri, skýrsla 3. 69 bls.

Halldór G. Pétursson 1997: Skriður og skriðuföll. Náttúrufræðistofnun Íslands - Ársrit 1996. bls. 12-21.

Harpa Grímsdóttir 1998: Byggingarár húsa í Neskaupstað. Veðurstofa Íslands, greinargerð. VÍ-G98011-ÚR09. 40 bls.

Ólafur Jónsson 1957: Skriðuföll og snjóflóð I og II. Bókaútgáfan Norðri, Akureyri, 586 og 555 bls.


Ólafur Jónsson 1974: Skriðuannáll 1958-1974. Jökull 24. bls 63-76.

Þorsteinn Sæmundsson og Halldór G. Pétursson 1999: Skriðuhætta í Neskaupstað. Veðurstofa Íslands, Greinargerð, VÍ-G99026-ÚR16.

Þorvaldur Thoroddsen 1913: Ferðabók, I. bindi. 391 bls.


Dagsetning	Staðsetning	Tjón
20. ág. 1930	Þrjár skriður hlupu í sjó fram. Líklegt er talið að það hafi verið Bjarnaborgarlækur (farvegur 14) sem hljóp.	Ein aurskriðan lenti á útgerðarhúsi og braut það og skemmdi mikið af fiski. Tveir menn voru í húsinu og björguðust með naumindum. Húsið hét Nýhöfn og stóð við sjóinn neðan við Strandgötu.
1. sep. 1937	Flóð úr öllum lækjum í Neskaupstað, meðal annars í Konráðslæk (farvegur 7) og Kvíabólslæk (farvegur 5). Ekki er ljóst hvort skriðuföll urðu.	Miklar skemmdir á vegum, túnum og matjurtagörðum. Aurleðja barst inn í hús.
Um 1939-41	Konráðslækur (farvegur 7)	?
23. nóv. 1949	Skriður féllu úr Urðarbotni í Stekkjarlæk (farvegur 6) og í Konráðslæk (farvegur 7). Þá er getið um skriður á Ströndinni	Um kl 7.30 féll aurskriða úr Urðarbotni, niður Stekkjarlæk og inn í sýslumannshúsið við Miðstræti 18. og síðan á Sundlaugina. Um kl. 9.30 féll minni aurskriða úr Konráðslæk. Önnur hús munu einnig hafa orðið fyrir skemmdum. Miklar skemmdir á túnum og götur grófst í sundur. Þá er getið um að skriður hafi fallið yfir veginn á Ströndinni.
10. júlí 1950	Flóð í Stekkjarlæk (farvegur 6). Þess getið að skriður hafi hlaupið á tún í Neskaupstað. Staðsetning óviss.	Ekki mikið tjón, en en leðju bar að sundlauginni og vatn fór inn í kjallara.
21. okt. 1959	Flóð í öllum lækjum í Neskaupstað. Sennilega ekki skriðuföll.	Ekki mikið tjón.
12.-13. nóv. 1968	Margar smáskriður virðast hafa fallið í fjallinu. A.m.k. þrjár stórar skriður féllu úr Landalæk og þar í nágrenninu.	Tvær stórar skriður féllu úr Landalæk á Naustahvamm 56, og ollu miklum skemmdum. Önnur virðist hafa fallið úr farvegi rétt utan við Landalæk og Naustalæk og á íbúðarhús og fiskvinnslustöð í Naustaveri.
25. ág. 1974	Flóð úr öllum lækjum í Neskaupstað. Mikil skriðuhætta, en sennilega engin skriðuföll.	Lítið tjón.
31. okt. 1980	Skriður féllu úr Stekkjarlæk (farvegur 6) og líklega einnig Bjarnaborgarlæk (farvegur 14).	Þrjár aurskriður féllu í Neskaupstað. Tvær þeirra féllu við Urðarteig, en hin þriðja niður Stekkjargötu. Miklar skemmdir á lóðum, götum og holræsakerfi.
26. júní 1993	Stekkarlækur (farvegur 6).	Ekkert tjón.
7.-8. nóv. 1998	Aurskriður féllu niður undir byggð. Vatnsflóð og aurburður í bænum.	Lækur gróf sig undir vatnsæðina til bæjarins og tók hana í sundur. Vatn flæddi inn í hús.

Tafla 1: Yfirlit um flóð og skriðuföll sem orðið hafa í Neskaupstað á tímabilinu (1930-1999) og ratað hafa í skráðar heimildir. Upptalningin er alls ekki tæmandi og viðbúið að mun fleiri flóð og jafnvel skriðuföll hafi orðið á tímabilinu.




VEDURSTOFA
ÍSLANDS
Desember 1999


Mynd 1: Skriðu- og lækjarfarvegir í Neskaupstað (Þorsteinn Sæmundsson og Halldór G. Pétursson 1999). 1) Stóralækjargil – Stórlækur, 2) Uxavogslækjargil, 3) Bakkagil – Bakkalækur, 4) Nesgil – Neslækur, 5) Skágil/Drangaskarð – Kviabólslækur, 6) Sniðgil/Urðarbotn – Stekkjarlækur, 7) Konráðslækur (Moldarlækur), 8) Stefánslækur, 9) Tungulækur, 10) Akurlækur, 11) farvegur innan við Akurlæk, 12-13) Ytra Tröllagil – Tröllagilslækur, 14) Innra Tröllagil – Bjarnaborgarlækur, 15) Strandarlækur, 16) Klofagil – Hlauplækur.




Mynd 2: Staðsett skriðuföll í Neskaupstað 1930-1999.



Mynd 3: Staðsettar skriður í Norðfirði 1935, 1946 og 1968.





Mynd 4: Jarðir í Norðfirði þar sem getið er skriðufalla eða skriðuhættu.